

## L Ö G

94

25. sept.

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 24. gr. laganna í stað „kr. 4500.00“ komi: kr. 7000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1942.

*Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## AUGLÝSING

95

5. nóv.

um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir lærdómsdeild  
Verzlunarskóla Íslands.

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins hefur ríkisstjóri staðfest eftirfarandi reglugerð fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands.

1. gr.

Verzlunarskóli Íslands hefur heimild til að starfrækja lærdómsdeild samkvæmt reglugerð þessari. Burtfararpróf úr henni nefnist stúdentspróf og jafngildir það samskonar prófi Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans á Akureyri.

2. gr.

Námið í lærdómsdeild og prófið sjálft skal ná yfir þessar námsgreinar: íslensku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, dönsku, sögu, framleiðslu og vörufræði (náttúrufræði, efna- og eðlisfræði) stærðfræði, bókfærslu og endurskoðun, hagfræði og stjórnfæði.

3. gr.

Skipta skal vikustundum námsgreina sem næst því sem hér segir, miðað við tvö skólaár:

Íslenska	2	2	4
Enska	5	4	9
Þýzka	2	2	4
Franska	5	5	10
Latína	4	„	4
Danska	1	„	1